

1862.

9. septembr.

**53. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýzka málfræði.**

Eptir bænarskrá frá Halldóri Friðrikssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, hefir stjórnarráðið veitt honum 200 ríkisdala styrk til að gefa út á íslenzku kennslubók í þýzkri málfræði.

Um leið og þetta er tilkynnt yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, skal þess getið, að 70 ríkisdalir af fê þessu hafa greiddir verið úr aðalféhirzlu ríkisins hér í bænum, en þeim 130 ríkisdöllum, sem eptir eru, eruð þér beðnir að ávísa Halldóri kennara Friðrikssyni úr jarðabókarsjóði Íslands af fê því, sem til er fært í fjárhagslögunum í 9. gr. G. c; þó skal þeim eigi ávísað fyrri en ritið er fullprentað.

**54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hegning Gísla Jónssonar á Saurum.**

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið bréf yðar, herra amtmaður, 15. f. m., um Gísla bónda Jónsson á Saurum í Dalasýslu, skal nú skorað á yður að annast um, að hann tafarlaust verði látinn líða hegning þá, sem honum var ákveðin í konungsúrskurði 26. júlím. f. á., en það var vatns og brauds fangelsi í þrisvar sinnum 5 daga, og fari hann ekki sjálfviljugur til Reykjavíkur til að þola þar hegning þessa, þá vonast stjórnarráðið eptir, að þér undir eins látið flytja hann í fangelsið í Reykjavík.

Stjórnarráðið vonast eptir að fá skýrslu um, hvað þér gjörið í þessu efni.